

REGLUGERÐ

um samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

1. gr.

Samvinnunefnd um málefni norðurslóða skal stuðla að og efla samstarf um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar skv. lögum nr. 81/1997.

2. gr.

Umhverfisstofnan skipar samvinnunefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 11 fulltrúar. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar, bæði formaður og varaformaður.

Eftirtaldir stofnanir tilnefna einn fulltrúa hver:

Hafrannsóknarstofnun,
Háskólinn á Akureyri,
Háskóli Íslands,
Hollustuvernd ríkisins,
Náttúrufræðistofnun Íslands,
Rannsóknarráð Íslands,
Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og
Veðurstofa Íslands.

3. gr.

Formaður nefndarinnar skal jafnframt vera formaður stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og varaformaður nefndarinnar skal vera varaformaður stjórnarinnar. Samvinnunefndin tilnefnir einn fulltrúa í stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og annan til vara til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1997, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstofnuneytinu, 1. ágúst 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.